



Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 13. febrúar 2024
2402004/0.4.1

Efni: Tillaga til þingsályktunar um rannsókn á orsakaferli í kjölfar sjálfsvígs. Umsögn embættis landlæknis.

Embætti landlæknis þakkar veitt tækifæri til að veita umsögn í [17. máli Rannsókn á orsakaferli í kjölfar sjálfsvígs](#) en í megin atriðum gerir tillagan ráð fyrir því að stofnaður verði starfshópur til að rannsaka margvíslegar lýðfræðilegar breytur og aðra þætti sem eiga sér stað í undanfara sjálfsvígs.

Embætti landlæknis fagnar áhuga þingmanna á sjálfsvígsforvörnum og tekur undir mikilvægi þess að þær þarf að efla enn frkar.

Meginmarkmið tillögunnar er að beita ítarlegri gagnaöflun til að varpa ljósi á þá hópa sem líklegri eru en aðrir til að upplifa sjálfsvígshugsanir, gera tilraun til sjálfsvígs eða falla fyrir eigin hendi. Embætti landlæknis tekur undir með flutningsmönnum að um mikilvæga greiningarvinnu sé að ræða. Hins vegar gerir embættið eftirfarandi athugasemdir við þau atriði sem snúa að gagnaöflun, verkáætlun og eftirliti til lengri tíma.

1. Gagnaöflun og tímaplan.

Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir umfangsmikilli gagnaöflun og að þeirri vinnu ljúki 1. maí næstkomandi með útgáfu skýrslu með „tölfræði og tillögum að aðgerðum, bæði fyrirbyggjandi og í forvarnastarfi til framtíðar.“ Embættið telur ólíklegt að hægt verði að ljúka svo umfangsmikilli vinnu á örfáum mánuðum, enda er um að ræða flókna greiningarvinnu og öflun viðkvæmra persónugreinanlegra gagna sem leyfi þarf fyrir frá Persónuvernd.

Að auki, ef sækja á upplýsingar í gagnagrunna mismunandi stofnana þá þarf, auk leyfis frá Persónuvernd, að afla samþykkis þeirra opinberu aðila sem bera ábyrgð á gagnasöfnunum. Þetta ferli getur tekið langan tímaog mannafla þarf til að setja upp gögn og greina. Þá þyrfti að afla upplýsingum með samtölum við aðstandendur og aðra syrgjendur. Þessi leið er vandasöm og ýmis siðferðileg álitamál koma upp. Oft og tíðum hugnast aðstandendum ekki að veita viðtöl og eins geta upplýsingar úr slíkum viðtölum verið ónákvæmar. Báðar leiðir krefjast sérþjálfaðs starfsfólks, eru tímafrekar og kostnaðarsamar.

Embættið bendir jafnframt á að umrædd upplýsingaöflun gæti verið afturvirk, t.d. til síðustu 10 til 20 ára, en ef framvirk þá þarf að safna upplýsingum a.m.k. næstu fimm ár til að hægt sé að draga ályktanir sem nýst gætu til forvarna. Embættið styður þá tillögu að skoða framvirkt, með rótargreiningu hvert sjálfsvíg, en mikilvægt er að draga lærdóm frá öðrum löndum eins og t.d. frá Svíþjóð af framkvæmd og ávinningi slíkrar vinnu. Samkvæmt upplýsingum frá sænska heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytinu var settu á stofn vinnuhópur um þetta má í janúar á síðasta ári. Sá vinnuhópur á að skila álit í október 2024.


Í greinargerð með tillögunni er lagt til að starfshópurinn vinni þétt með embætti landlæknis að rannsókninni. Embættið bendir á að á vegum [Lífsbrúar, Miðstöðvar um sjálfsvígsforvarnir](#) hjá embætti landlæknis, er nú þegar í undirbúningi rannsókn á áhættuþáttum sjálfsvíga árin 2000 til 2022. Rannsóknin verður gerð í samvinnu við heilbrigðisvísindasvið og læknadeild Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri. Fyrstu niðurstöður þessarar rannsóknar gætu legið fyrir árið 2025. Fari svo að umrædd tillaga verði samþykkt telur embættið skynsamlegt að gagnaöflun í tengslum við verkefnið fari fram í gegnum Lífsbrú og embætti landlæknis. Í tengslum við þessa rannsókn væri líka eðlilegt að kanna fýsileika á framvirku verkefni til að kanna aðdraganda og áhættuþætti sjálfsvíga.

2. Eftirlitshlutverk til framtíðar

Í greinargerð kemur fram að starfshópnum verði falið að „meta hvort setja eigi á laggirnar hóp innan stjórnáráðs sem tæki að sér þetta verkefni til framtíðar.“ Vakin er athygli á því að embætti landlæknis ber ábyrgð á sjálfsvígsforvörnum í landinu og ásamt þeirri miklu vinnu sem þegar hefur verið unnin í málaflokknum að þá er tilgangur Lífsbrúar, miðstöðvar sjálfsvígsforvarna, að fylgjast með honum til lengri tíma ásamt því að bera ábyrgð á greiningarvinnu tengri málaflokknum. Lífsbrú varð til í byrjun árs 2024 í framhaldi þess að um haustið 2023 var föstu fjármagni veitt ótímabundið í sjálfsvígsforvarnir og er markmið hennar að vinna að sjálfsvígsforvörnum í samræmi við samþykka [aðgerðaáætlun stjórnvalda frá árinu 2018](#).

Sem áður segir tekur embættið undir með flutningsmönnum um mikilvægi vandaðrar greiningarvinnu í þessum málaflokki, en athygli vakin á því að skynsamlegra væri að styrkja starf Lífsbrúar svo enn meira megi gera til að fækka sjálfsvígum í samræmi við áætlun stjórnvalda. Það er mikilvægt að dreifa ekki kröftum um of innan þessa mikilvæga málaflokks.

Virðingarfyllt,


Kjartan Hreinn Njálsson
aðstoðarmaður landlæknis